

Fundargerð 849. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 31. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason. Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 847. og 848. fundar - 1610002SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 847. og 848. fundar frá 24. febrúar og 24. mars 2017.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.

2. Landsþing sambandsins 2017 - 1611026SA

Lögð fram fundargerð XXXI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars 2017. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 31. mars 2017, þar sem farið er yfir niðurstöður könnunar um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga sem framkvæmd var á landsþinginu.

3. Fundir Jónsmessunefndar 2017 - 1701050SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 2., 15. og 23. mars 2017.

4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 105. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 17. mars 2017.

5. Samstarfsyfirlýsing um menntun án aðgreiningar - 1703005SA

Lögð fram samstarfsyfirlýsing um eftirfylgni úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, dags. 2. mars 2017. Einnig lögð fram samantekt um helstu atriði lokaskýrslunnar Menntun fyrir alla á Íslandi - úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.

6. Heimsókn velferðarnefndar Alþingis til sambandsins - 1703018SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 13. mars 2017, frá heimsókn velferðarnefndar Alþingis.

7. Staða samninga við rekstraraðila í þjónustu við fatlað fólk - 1703035SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 29. mars 2017, um stöðu samninga við stóra rekstraraðila í þjónustu við fatlað fólk, ásamt fylgiskjölum. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn samþykkir að óska eftir fundi með ráðherrum félags- og jafnréttismála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála til þess að ræða stöðu samningsgerðar við stóra rekstraraðila í þjónustu við fatlað fólk. Jafnframt verði boðaðir til fundarins fulltrúar frá þeim sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem eru með mest umfang núverandi samninga.

Ennfremur verði kallað eftir því að málefnið fái umræðu í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

8. Hveragerðisbær - fæðingarorlof og málefni barnafjölskyldna - 1608016SA

Lagt fram bréf Hveragerðisbæjar, dags. 22. mars 2017, um fæðingarorlof og málefni barnafjölskyldna. Einnig lögð fram umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 17. ágúst 2016, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, dags. 1. maí 2015.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um málið og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

9. Varasjóður húsnæðismála - 1512035SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 29. mars 2017, um samkomulag um verkefni Varasjóðs húsnæðismála, ásamt fylgiskjölum.

10. Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands - 1703060SA

Lögð fram til kynningar niðurstaða forsendunefndar ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2017, dags. 28. febrúar 2017, yfirlýsing samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins 28. febrúar 2017. Einnig lagt fram samkomulag samninganefndar aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins vegna uppsagnarákvæða kjarasamninga, dags. 28. febrúar 2017.

11. Tilnefning í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur - 1702049SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins dags. 1. mars 2017, þar sem Telma Halldórsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

12. Tilnefning í innflytjendaráð - 1702060SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 2. mars 2017, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í innflytjendaráði, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

13. Tilnefning í Flóttamannanefnd - 1702059SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 2. mars 2017, þar sem Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er tilnefnd sem aðaláheyrnarfulltrúi í Flóttamannanefnd, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í verkefnisstjórn um gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun - 1702027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- auðlindaráðuneytisins, dags. 2. mars 2017, þar sem Elín R. Línal, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnaþingi vestra, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í verkefnisstjórn um gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

15. Tilnefning í undanþágunefnd grunnskóla - 1703007SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 6. mars 2017, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í undanþágunefnd grunnskóla, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

16. Tilnefning í stjórn Vinnueftirlitsins - 1703011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 6. mars 2017, þar sem lagt er til að félags- og jafnréttismálaráðherra skipi Ingu Rún Ólafsdóttur, sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, sem aðalmann í stjórn Vinnueftirlitsins, í stað Sólveigar B. Gunnarsdóttur, sem látið hefur af störfum fyrir sambandið.

17. Tilnefning í vinnuhóp um samhengi framsetningar á áætlunum og reikningsskilum A-hluta ríkissjóðs - 1703045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 21. mars 2017, þar sem Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í vinnuhóp um samhengi framsetningar á áætlunum og reikningsskilum A-hluta ríkissjóðs.

18. Tilnefning í starfshóp um yfirferð laga um gatnagerðargjald - 1703050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 22. mars 2017, þar sem Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður, og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, eru tilnefnd í starfshóp um yfirferð laga um gatnagerðargjald.

19. Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 1610036SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. febrúar 2017, um frumvarp um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál.

- 20. Umsögn um drög að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara - 1703001SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 3. mars 2017, um drög að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- 21. Umsögn um endurskoðuð drög að frumvarpi um breytingu á úrgangslögum - 1601075SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. mars 2017, um endurskoðuð drög að frumvarpi um breytingu á úrgangslögum.
- 22. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um landgræðslu - 1703020SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 13. mars. 2017, um drög að frumvarpi til laga um landgræðslu.
- 23. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða - 1703024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, dags. 17. mars 2017, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- 24. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt - 1703021SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 17. mars 2017, um drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt.
- 25. Umsögn um reglugerð um opinber innkaup á sviði veitna, flutninga og póstpjónustu - 1702031SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 21. mars 2017, um reglugerð um opinber innkaup á sviði veitna, flutninga og póstpjónustu.
- 26. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1606014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 22. mars 2017, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum (kæruréttur vegna athafnaleysis).
- 27. Umsögn um (6.) breytingu á byggingarreglugerð - 1703019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. mars 2017, um (6.) breytingu á byggingarreglugerð.
- 28. Umsögn um drög að reglugerð um Viðlagatryggingu - 1703016SA**
Lögð fram umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 28. mars 2017, um drög að reglugerð um Viðlagatryggingu.

29. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars) - 1703040SA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. mars 2017, vegna umsagnarbeiðni nefndarsviðs Alþingis, dags. 14. mars 2017, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

30. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um EES mál - 1702050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðherra, dags. 27. febrúar 2017, um samstarf ríkis og sveitarfélaga í EES málum.

31. RARIK - samningur um götulýsingu - 1612050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til RARIK, dags. 27. febrúar 2017, um samninga um yfirtöku á götulýsingarkerfum.

32. Þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum - 1511110SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 9. mars 2017, um beiðni um frekari framlengingu á samningi vegna ytra mats á grunnskólum.

33. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins kjörtímabilið 2014-2018 - 1601081SA

Lögð fram til kynningar skýrsla um vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins sem haldið var 28.-30. mars 2017.

Formaður gerði stjórnarmönnum grein fyrir því að hugsanlega verði boðað til auka stjórnarfundar í apríl.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga þakkar Magnúsi Karel Hannessyni, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, sem nú situr sinn síðasta reglulega stjórnarfund, fyrir vel unnin störf og gott samstarf í gegnum árin. Magnúsi Karel, sem mun láta af störfum 1. maí nk., er óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:00.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari